



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lengd 3. áfanga Arnarnesvegur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nú liggur fyrir að ekki var samþykkt að taka tilboði lægstbjóðandi verktaka í útboði 3ja áfanga Arnarnesvegur. Í útboðsgögnum er talað um að vegurinn sé 1.3 km. Allir þeir sem skoða gögnin betur geta séð að vegarkaflinn er mun lengri og enn lengri ef sveigurinn inn á útivistarsvæðið í Elliðaárdal, austan Nönnufells og Möðrufells, er talinn með. Af hverju er ekki sagt satt um þetta atriði? Varla er þetta til að bæta svokallað íbúalýðræði sem lítið fer fyrir í þessu máli?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 6. september sl.

Svar:

Í inngangi útboðslýsingar Vegagerðarinnar á gerð Arnarnesvegur kemur fram að Arnarnesvegur sé 1,9km langur. Í útboðsgögnum sést ennfreður að vegkaflinn sé um 2 km langur. Því er ljóst skv. útboðsgögnum að vegurinn sé 1,9 km langur en ekki 1,3 km. Ekki er ljóst hvaðan upplýsingar um að kaflinn sé 1,3 km langur eru upprunar en sé leitað á netinu sést að sú tala kemur fyrir á nokkrum stöðum.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri